

Nd.

446. Breytingartillögur

[7. mál]

við frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum þess að meiri hluta.

Ráðherra skipar nefnd þriggja sérfróðra manna, tilnefndra af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs, til þess að afla upplýsinga um mengunarhættu, sem stafa kann af olíuhreinsunarstöð. Nefndin skili álitni um þetta efni, áður en tekin verður ákvörðun um byggingu stöðvarinnar.

2. Við 3. gr. Síðari málsgreinin falli niður.